

Reykjavík, 13. mars 2019

Efni: Nýtt landsskipulagsferli að hefjast um loftslag, landslag og lýðheilsu – boð um þátttöku á samráðsvettvangi

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 þar sem mótuð verði nánari skipulagsstefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Við mótun stefnunnar verður einnig horft til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og gildandi stefna um skipulagsmál haf- og strandsvæða yfirfarin. Áætlað er að Skipulagsstofnun skili tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu til umhverfis- og auðlindaráðherra vorið 2020.

Starfræktur er samráðsvettvangur landsskipulagsstefnu. Samráðsvettvangur er net tengiliða sem hafa áhuga á að fylgjast með mótun og framfylgd landsskipulagsstefnu. Aðilar á samráðsvettvangi fá sendar upplýsingar þegar nýtt efni er gefið út og um kynningar- og samráðsfundi og vakin athygli á því þegar tillögur eru til formlegrar kynningar, svo sem þegar lýsing og tillaga að landsskipulagsstefnu eru kynntar.

Skipulagsstofnun óskar eftir skráningu tengiliða á samráðsvettvanginn. Allir geta skráð sig á samráðsvettvanginn.

Hægt er að skrá sig á landsskipulag.is eða með því að senda tölvupóst á landsskipulag@skipulag.is. Þeir sem þegar eru skráðir á samráðsvettvanginn verða skráðir áfram, nema Skipulagsstofnun berist óskir um breytingar þar á.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
forstjóri Skipulagsstofnunar